Sjálfsbjörg
landssamband
hreyfihamlaðra

# ÁRSSKÝRSLA 2020

## Sjálfsbjörg landsamband hreyfihamlaðra

Lögð fram á landsfundi samtakanna
11. september 2021

Betra aðgengi – öllum í hag!

**Útgefandi:**

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra

Hátúni 12, 105 Reykjavík

Sími: 5500-360, netfang: info@sjalfsbjorg.is

**Ábyrgðarmaður:**
Ósk Sigurðardóttir

**Uppsetning, umbrot, prentun:**
Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel

**Forsíða**
Mynd af nýju merki Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra
Hönnuður: Alexandra Ýr Bridde

# EFNISYFIRLIT


Ávarp formanns ..... 4

1. Stjórnir og starfsfólk ..... 4
   - 1.1 Stjórn Sjálfsbjargar lsh ..... 5
   - 1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar lsh ..... 5
   - 1.3 Starfsfólk 2020 ..... 6
2. Nefndir og starfshópar ..... 8
   - 2.1 Kjörnefnd ..... 8
   - 2.2 Laganefnd ..... 8
   - 2.3 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar ..... 8
3. Rekstrarmál – starfsemi ..... 9
   - 3.1 Sjálfsbjargarheimilið ..... 9
   - 3.2 Sjálfsbjargarhúsið ..... 9
     - 3.2.1 Sagan ..... 9
     - 3.2.2 Húsnæðismál 2019 ..... 10
   - 3.3 Landsmiðstöð hreyfihamlaðra ..... 11
   - 3.4 Fjölskylduhús Sjálfsbjargar ..... 11
   - 3.5 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar ..... 11
   - 3.6 Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar ..... 11
4. Fjármál ..... 13
   - 4.1 Fjárhagsstaðan ..... 13
   - 4.2 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir ..... 13
     - 4.2.1 Húsaleiga ..... 13
     - 4.2.2 Happdrætti ..... 13
     - 4.2.3 Penna og skrifblokkasala ..... 13
     - 4.2.4 Hollvinir Sjálfsbjargar ..... 14
     - 4.2.5 Styrkur ÖBÍ ..... 14
     - 4.2.6 Nýjar fjáröflunarleiðir ..... 14
5. Félagsmálin ..... 15
   - 5.1 Landsfundur 2020 ..... 15
   - 5.3 Ársverkefnið 2020 ..... 17
   - 5.4 Gullmerki Sjálfsbjargar ..... 17
6. Málefnastarfið ..... 18
   - 6.1 Aðgengismál ..... 18
7. Upplýsingamál ..... 20
   - 7.1 Klifur ..... 20
   - 7.2 Ársskýrsla ..... 20
   - 7.3 Vefsíður og samfélagsmiðlar ..... 20
   - 7.4 Fjölmiðlasamskipti ..... 20
   - 7.5 Heillaskeyti Sjálfsbjargar ..... 20
8. Tengingar út í samfélagið ..... 21
9. Helstu mál á fundum stjórnar Sjálfsbjargar lsh. 2020 ..... 21
10. Aðildarfélög Sjálfsbjargar lsh. og stjórnarfólk 31.12. 2020 ..... 25
11. Ársreikningur Sjálfsbjargar lsh. fyrir 2020 ..... 27

ÁVARP FORMANNS

# HVAÐ VILJUM VIÐ GERA?



Árið 2020 var sérstakt fyrir margra hluta sakir. En á þessu ári gafst líka tími til að skoða ýmislegt sem ekki hefur verið skoðað í tugi ára. Við ítarlega yfirferð á félagatali Sjálfsbjargar nú um áramótin hefur ýmislegt komið í ljós. Félagsmenn eru aðeins 1343 en ekki 1511 eins og þeir voru við lok árs 2019. Látnir félagar voru vantaldir. Bein tenging félagatalsins við þjóðskrá leiðir þetta í ljós. Fyrir um tíu árum síðan voru félagsmenn í Sjálfsbjörg um 2000 og enn fleiri meðan Heilaheill var eitt að aðildarfélögum. Aðildarfélagakerfið hefur sína kosti en það hefur líka sína galla. Mörg aðildarfélög hafa verið lögð niður og ekkert komið í staðinn. Þannig hafa margir félagsmenn dottið út og misst alveg tenginu við samtökin. En hvað á að gera? Ljóst er að formenn minnstu félagana verða að horfast í augu við að samtökunum er að vissu leyti að blæða út. Mörg félög innheimta ekki félagsgjöld og því er enginn tenging við félagsmenn. Vita allir félagsmenn að þeir séu í samtökunum og hvað það innifelur? Á þessu verður að taka á tafarlaust. Það er annað atriði sem veldur mér miklum áhyggjum. Í mörg ár hafa ýmis félög safnað fé sem notaður hefur verið í mörg góð verkefni, þau verkefni tengjast hins vegar ekkert endilega aðgengi félagsmanna að samfélaginu. Er ekki nauðsynlegt að skoða þau verkefni sem Sjálfsbjargar félög eru að styrkja og einbeita sér að þeim verkefnum sem tengjast aðgengi í víðum skilningi ? Það er nauðsynlegt að skoða lagabreytingar til að styrkja grunn samtakanna. En slíkar lagabreytingar verða að vera unnar yfir lengri tíma í nánu sambandi og á fundum með öllum aðilum. Þegar skæð veira gengur yfir samfélagið er það hins vegar mjög erfitt. En tíminn til að gera breytingar er samt að renna út. Það er því afar mikilvægt að samstaða myndist um næstu skref og um leið og færi gefst verði farið að skoða grunn félaganna og landssambands alveg upp á nýtt.

Góðar baráttukveðjur,



Bergur Þorri Benjamínsson
formaður Sjálfsbjargar lsh. 2016-2020

# STJÓRNIR OG STARFSFÓLK

## 1.1 Stjórn Sjálfsbjargar lsh.

Eftirtaldir einstaklingar sitja í stjórninni að landsfundi loknum.

| | |
|---|---|
| Bergur Þorri Benjamínsson, Sbj. á höfuðbsv/Akureyri | formaður |
| Jón Heiðar Jónsson, Sbj. á Akureyri og nágrenni | varaformaður |
| Ásta Þ. S. Guðjónsdóttir, Sbj. á höfuðborgarsvæðinu | gjaldkeri |
| Margrét S. Jónsdóttir, Sbj. á Suðurnesjum | ritari |
| Ólafía Ósk Aðalsteinsdóttir, Sbj. Bolungarvík | meðstjórnandi |
| Guðni Sigmundsson, Sbj. Mið-Austurlandi | meðstjórnandi |
| Margrét Lilja Arnheiðardóttir, Sbj á höfuðborgarsvæðinu | meðstjórnandi |
| Guðmundur Ingi Kristinsson, Sbj. á höfuðborgarsvæðinu | varamaður |
| Jón Eiríksson, Sbj. á höfuðborgarsvæðinu | varamaður |

## 1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar lsh.

| | |
|---|---|
| Grétar Pétur Geirsson | Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu |
| Kristján Karl Júlíusson | Sjálfsbjörg í Bolungarvík |
| Hafdís Eyland Gísladóttir | Sjálfsbjörg á Siglufirði |
| Hafdís B. Hilmarsdóttir | Sjálfsbjörg á Suðurnesjum |
| Herdís Ingvadóttir | Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni |
| Hafsteinn Vilhjálmsson | Sjálfsbjörg á Ísafirði |
| Magnús G. Jóhannesson | Sjálfsbjörg Skagafirði |
| Marie T. Robin | Sjálfsbjörg á Vopnafirði |
| Svanur Ingvarsson | Sjálfsbjörg á Suðurlandi |

Formannafundur var ekki haldinn árið 2020 vegna Covid.

## 1.3 Starfsfólk 2020



**Bergur Þorri Benjamínsson** er starfandi formaður samtakanna frá landsfundi 2016. Bergur er málssvari Sjálfsbjargar út á við og annast samskipti við formenn aðilarfélaga, fjölmiðla, opinbera aðila og tengd samtök hér á landi og erlendis. Hann vinnur að málefna- og baráttumálum Sjálfsbjargar.



**Þórdís R. Þórisdóttir** tók við starfi framkvæmdastjóra 1. febrúar 2020 við starfslok Tryggva Friðjónssonar og sinnti henni til 31. október 2020. Á þeim tíma bar hún ábyrgð á daglegum rekstri samtakanna og fasteigna þeirra, fjáröflun og starfsmannahaldi samt samstarfi við formann og stjórn.



**Ósk Sigurðardóttir** tók við starfi framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar lsh. þann 1. nóvember 2020. Ósk er framkvæmdastjóri samtakanna og ber ábyrgð á daglegum rekstri samtakanna og fasteigna þeirra, fjáröflun og starfsmannahaldi. Hún vinnur einnig að ýmsum málefnum Landssamtakanna, ásamt stefnumótun og þróun framtíðarmarkmiða í samstarfi við formann og stjórn.



**Berglind J. Ritchardsdóttir** hefur frá 1.janúar 2020 gegnt starfi bókara og fjármálafulltrúa. Hennar helstu verkefni hafa verið færsla bókhalds, uppgjörsvinnsla, launamál, umsjón húsaleigu auk ýmissa annarra fjármála- og fjáröflunar tengdra verkefna.



**Davíð Þ. Olgeirsson** hóf störf hjá Sjálfsbjörgu árið 2016 og sér um Þekkingarmiðstöð og Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar. Einnig hefur hann umsjón með Vefverslun Sjálfsbjargar og ýmsum vef- og markaðsmálum.



**Ingi Bjarnar Guðmundsson** var ráðinn í 50% starfshlutfall vorið 2017 sem umsjónarmaður Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar og starfaði fram á mitt sumar 2020. Ingi Bjarnar annaðist lager leigunnar ásamt viðhaldi og þrifum á leigubúnaði. Hann tók einnig að sér ýmis önnur tilfallandi störf.



**Óskar Jósef Óskarsson** tók við starfi fasteignaumsjónarmanns Sjálfsbjargarhússins í desember 2017. Hann vinnur að ýmsum viðhalds- og rekstrarmálum hússins, lóðar og þjónustar húsið í heild sinni.



**Ragnar Smári Ingvarsson** var ráðinn desember 2020 og vinnur að ýmsum viðhalds- og rekstrarmálum hússins, lóðar og þjónustar húsið í heild sinni, ásamt því að sinna ýmsum málum fyrir Hjálpartækjaleiguna.




**Ólafur Tómasson** hefur frá 2014 starfað að húsnæðis- og lóðatengdum verkefnum í tímavinnu. Hans verkefni hafa m.a. verið vöktun húsnæðisins og margvísleg önnur minni verkefni tengd húsnæðinu.

# NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Á árinu voru starfandi eftirfarandi nefndir og starfshópar á vegum Sjálfsbjargar.

## 2.1 Kjörnefnd

Á Landsfundinum 2019 var kjörinn hluti kjörnefndar, en hlutverk hennar samkvæmt lögum er að tryggja að það verði minnsta kosti einn frambjóðandi í öll embætti sem kosið skal í á Landsfundi. Kjörnefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2020: Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir, Guðbjörg K. Eiríksdóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson, María Óskarsdóttir og Margrét S. Jónsdóttir. Nefndin er kölluð saman 10 vikum fyrir Landsfund.

## 2.2 Laganefnd

Á Landsfundi 2020 var kjörinn hluti laganefndar, en hlutverk hennar er að fara yfir þær lagabreytingartillögur sem fram koma í aðdraganda Landsfundar, ef ástæða þykir til, og koma með samræmingartillögur til stjórnar ef margar tillögur koma fram um sama atriðið. Stjórn kallar nefndina saman ef ástæða er til. Laganefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2020: Anna Kristín Sigvaldadóttir, Guðni Sigmundsson, Frímann Sigurnýasson og Margrét Lilja Arnheiðardóttir.

## 2.3 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

Hlutverk sjóðsins er að gera hreyfihömluðum félagsmönnum Sjálfsbjargar auðveldara að ferðast með því að úthluta styrkjum fyrir hluta af ferðakostnaði aðstoðarmanneskju (hjálparliða) úr sjóðnum. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum einu sinni á ári. Í lok Landsfundar 2020 sátu eftirtaldir í stjórn sjóðsins: Guðni Sigmundsson formaður, Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir og Sævar Guðjónsson.

# REKSTRARMÁL - STARFSEMI

## 3.1 Sjálfsbjargarheimilið

Stærsta og víðamesta rekstrareining Sjálfsbjargar lsh. er Sjálfsbjargarheimilið (SBH), en það er rekið í hluta Sjálfsbjargarhússins.

SBH er endurhæfingar- og hjúkrunarheimili fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem þurfa umtalsverða daglega þjónustu. Í upphaflegri skipulagsskrá SBH segir: *„Sjálfsbjargarheimilið er fyrir hreyfihamlað fólk er þarfnast aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs."* Árið 1973 flutti fyrsti íbúinn inn á heimilið. Reksturinn hefur síðan þróast jafnt og þétt og endurhæfingarþátturinn í starfseminni farið vaxandi. Þjónustumiðstöðin (áður nefnd dagvist) byrjaði 1979, sundlaugin bættist við 1981, endurhæfingaríbúð 1993, sjálfstæð búseta með stuðningi hófst 2003 og Þekkingarmiðstöðin opnaði 2012. Á árinu 2020 var fyrsti íbúinn tekinn inn í tímabundna endurhæfingu með búsetu sem getur varað í allt að tvö ár. Vegna heimsfaraldurs voru ekki fleiri teknir inn árið 2020 en unnið verður áfram að því að auka vægi endurhæfingar. Fjöldi stöðugildi á árinu 2020 var 52 en þó nokkrir starfsmann eru í hlutastörfum og milli 65-70 manns starfa hjá heimilinu á hverjum tíma. Rými er fyrir 34 íbúa en vegna heimsfaraldurs voru ekki teknir inn nýjir íbúar eftir 1. mars 2020 og því voru íbúar 31 sem er þremur færri en vanalega.

SBH er á fjárlögum ríkisins og var rekstrarframlagið fyrir árið 2020 um 714 milljónir króna. Hagnaður af rekstri ársins 2020 var um 29 milljónir. Er það svipað og árið áður þar á undan var reksturinn þungur og heimilið rekið með tapi. Reksturinn byggir á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Árið 1997 féll dómur í hæstarétti þar sem kveðið var á um að Sjálfsbjörg lsh. væri ekki heimilt að rukka SBH um leigu fyrir afnot þess af húsnæði sem það væri með í notkun. Fram kom að SBH mætti einungis greiða fyrir almennt viðhald og fasteignagjöld þess hluta húsnæðisins sem það notaði. Þetta hefur þrengt verulega að fjárhagslegum rekstri Sjálfsbjargar lsh þar sem húsið eldist og viðhaldsþörf þess fer sífellt vaxandi.

SBH gefur árlega út ársskýrslu sem inniheldur m.a. ársreikning heimilisins og er skýrslan kynnt á ársfundi Sjálfsbjargar og dreift til Landsfundarfulltrúa og má finna skýrsluna á vefsíðu SBH.

## 3.2 Sjálfsbjargarhúsið

### 3.2.1 Sagan

Árið 1965 var Sjálfsbjörg ásamt Öryrkjabandalagi Íslands úthlutað lóðinni við Hátún 10-12 samvæmt leigusamningi við Reykjavíkurborg. Sjálfsbjargarhúsið var í framhaldi byggt og fyrsti áfangi þess tekinn í notkun árið 1973. Árið 1966 undirrituðu samtökin tvö samkomulag sín á milli um uppskiptingu lóðarinnar. Ávallt hefur verið sameiginlegur skilningur aðila hvað tilheyrir hverjum. Lóðin skiptist eftir miðri götunni sunnan megin við Sjálfsbjargarhúsið og jafnframt eiga samtökin tvö sameiginlega lóðina sem er undir Íþróttahúsi fatlaðra (Hátún 14). Lóðin er tæplega 41.500 fermetrar að flatarmáli og Sjálfsbjargarhúsið er um 10.000 fermetrar að grunnfleti á sex hæðum.

Í lok ársins 2020 var nýtingarhlutfall Sjálfsbjargarheimilisins um 40% að heildar húsnæði.

Nýtingarhlutfall hefur frekar minnkað en hitt í gegnum árin þar sem hjúkrunardeildum annarrar og þriðju hæðar hefur verið lokað og íbúar búa í íbúðum en ekki á hjúkrunardeild. Sjálfsbjörg lsh. nýtir hinn hlutann og leigir megnið af því út til ýmissar starfsemi. Húsið er nú komið til ára sinna, þarfnast sífellt meira viðhalds með tilheyrandi kostnaði og skipulag þess hentar orðið illa þeirri starfsemi sem samtökin standa fyrir eða telja heppilega í náinni framtíð. Þannig hefur orðið ljóst að í náinni framtíð mun húsið þurfa viðamikið og verulega kostnaðarsamt viðhald sem verður ekki fjárhagslega gerlegt fyrir samtökin að takast á við.

Því hafa aðrar leiðir verið skoðaðar s.s. hvort hreinlega væri unnt að selja húsið svo byggja megi nýtt. Sá möguleiki var talinn frekar snúinn ef notkun þess ætti að breytast m.v. upphaflegan lóðarsamning og skipulag svæðisins. Lóðin er stór og nú er verið að byggja afar þétt í næsta nágrenni, svo farið var að skoða aðra möguleika til uppbyggingar á lóðinni.

### 3.2.2 Húsnæðismál 2019

**Leigumál.** NPA rýmið svokallaða við hlið hjálpartækjaleigunnar hefur staðið autt en unnið er að því að finna nýja leigjendur og hafa nokkrir sýnt rýminu áhuga.

Fjórða hæðin í b-álmunni hefur staðið auð síðan um mitt ár 2018 en hæðin hafði áður verið í notkun hjá Sjálfsbjargarheimilinu frá upphafi eða í 45 ár. Hér er um 500 fermetra nokkuð sérhæft húsnæði að ræða og hefur það verið auglýst til útleigu reglulega, en ekki hefur tekist að leigja það út.



Stigagangur 5. hæð.



Íbúagangur 3. hæð.

Möguleikar á að breyta rýminu í íbúðir verða skoðaðir á næsta ári.

**Viðhald.** Á hverju ári eru ávallt margvísleg viðhaldsverkefni í gangi.



Stigagangur 1. hæð.

Í desember var ráðist í að mála íbúa ganga og stigaganga og fékk hver hæð sinn lit. Einnig voru settar upp nýjar gardínur, húsgögn endurbólstruð, keypt blóm og hengdar voru upp fallegar ljósmyndir úr sögu Sjálfsbjargar í stigaganga og íbúa ganga.

## 3.3 Landsmiðstöð hreyfihamlaðra

Fram til ársins 2019 var unnið að áætlun um að byggja á lóðinni Hátún 12 nýja landsmiðstöð hreyfihamlaðra. Árið 2019 stefndi Brynja hússjóður Reykjavíkurborg og Sjálfsbjörg og hefur krafist riftunar á uppskiptingu lóðanna Hátún 10-12-14. Málinu var vísað frá bæði í Héraðsdómi Reykjavíkur svo og í Landsrétti vegna aðildarskorts Íþróttafélags Fatlaðra í Reykjavík, sem er handhafi lóðarinnar Hátún 14. Í ljósi þessara málaferla svo og þeirrar staðreyndar að Sjálfsbjörg landssambandið þarf að gera frekari þarfagreiningu sem og að finna fjármagn til uppbyggingar, hafa umrædd uppbyggingaráform verið sett á ís.

## 3.4 Fjölskylduhús Sjálfsbjargar

Sjálfsbjörg lsh. Keypti vorið 2015 fokhelt hús að Kistuholti 19 í Reykholti. Húsið er 162,5 m2 að flatarmáli á einni hæð ásamt stórum sambyggðum bílskúr Samanlagt í fm. 246,5. Sumarið 2017 var húsnæðið fullklárað og í kjölfarið var byrjað að leigja það út. Þar eru 3 svefnherbergi með svefnrými fyrir allt að 7-9 manns og bæta má við svefnaðstöðu ef þarf. Kappkostað var að hafa allan aðbúnað innanhúss og utan sem bestan þannig að hann uppfylli kröfur um aðgengi fyrir hreyfihamlaðra.

Eftir nokkura ára rekstur á sumarhúsi samtakanna var orðið ljóst að kostnaður við rekstur hússins var orðinn íþyngjandi fyrir samtökin og nýting félagsmanna á húsinu væri það lítil að ekki væri forsvaranlegt að halda honum áfram. Reynt var að leigja húsið út til ferðamanna en það gekk ekki nógu vel. Það er heldur ekki markmið samtakanna að reka hús sem væri fyrst og fremst nýtt af ferðamönnum en ekki Sjálfsbjargarfélögum.

Reynt var að hafa samband við ýmis önnur félagasamtök og verkalýðsfélög en enginn sýndi húsinu áhuga. Var því ákveðið að láta meta húsið og setja á sölu með það í huga að selja ef viðunandi tilboð fengist í húsið.

## 3.5 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Sjálfsbjargarheimilið hefur rekið Þekkingarmiðstöðina (ÞMS) með góðum árangri hingað til en undirbúningur er hafinn á því að færa hana yfir til Sjálfsbjargar lsh. Eitt megin hlutverk ÞMS er að annast fræðslu- og upplýsingamál til hreyfihamlaðra sem og tengdra aðila. Starfsemi ÞMS undanfarin ár hefur að kjarna til verið viðhald vefsíðunnar og vinna í gegnum netið og síma og verður það áfram. ÞMS er staðsett í húsnæði Hjálpartækjaleigunnar.

## 3.6 Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar

Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar gengur vel og þrátt fyrir þetta Covid ár var góð leiga þetta árið.

Hjálpartækjaleigan er alltaf að verða þekktari í huga fólks og hefur Hjálpartækjaleigunni t.a.m. verið gefið sjúkarúm, lyftara, hækjur og þess háttar, sem styrkir starfsemina ennþá betur.

Hjálpartækjaleigan hefur jákvæð áhrif á ímynd Sjálfsbjargar og mikilvægt er að geta leigt fjölbreytt úrval af hjálpartækjum.

**Stjórn í heimsókn í Hjálpartækjaleigu**

Stjórnarmeðlimir komu í heimsókn í Hjálpartækjaleiguna og fengu kynningu á henni. Bergur og Jón Heiðar fóru að henni lokinni í smá kappakstur á rafskutlum.





**Allir hjóla**

Allir hjóla fór í samvinnu við Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar í sumar og voru jafnvægishjól, hjólastólahjól, farþegahjóla og fleiri hjól leigð frá Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar frá júní til ágúst. Þetta verkefni gekk vel og gert er ráð fyrir að áframhald verði á næsta sumar.





Verkefnið Allir hjóla fór fram í samvinnu við Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar.

# FJÁRMÁL

## 4.1 Fjárhagsstaðan

Ársreikningur Sjálfsbjargar lsh. 2020 er hér aftast í skýrslunni. Þar sést á rekstrarreikningi að rekstrartekjur ársins eru 143.6 milljónir króna og rekstrargjöldin eru alls 123.9 milljónir (án fjármagnsgjalda). Hagnaður var á rekstri ársins sem nemur 18.5 milljónum sem skýrist ma. af lægri launum og launatengdum gjöldum þar sem ekki var starfandi framkvæmdastjóri í fullu starfi. Tekjur vegna Hjálpartækjaleigu standa í stað og eru um 4.5 milljónir. Framlög og styrkir á árinu 2020 voru 9 milljónir króna. Fjáraflanir voru svipaðar og árið áður.

Þegar efnahagsreikningurinn er skoðaður kemur fram að eignir í lok árs 2020 eru alls 316.2 milljónir króna. Langtímaskuldir eru 128.3 sem er vegna tveggja lána sem voru tekin, annars vegar vegna kaupa á eignarhluta í Hátúni 12 og hins vegar vegna Kistuholts. Fasteignir og lóðin er aðeins bókfært á 282 milljónir króna meðan fasteignamat fasteigna samtakanna er um 2.8 milljarðar króna.

## 4.2 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir

Sjálfsbjörg lsh. heldur reglulega úti ýmsum fjár-öflunum sem í áranna rás hafa gefið samtökunum umtalsvert fjármagn til reksturs þeirra. En fjárþörfin er mikil svo unnt sé að halda úti öflugu málefnastarfi og halda við mjög stóru húsnæði sem komið er til ára sinna. Því er afar mikilvægt að vera sífellt vakandi yfir nýjum hugmyndum að fjáröflunum og eru félagar hvattir til að koma góðum hugmyndum á framfæri. Hér á eftir eru helstu fjáraflanir samtakanna kynntar frekar.

### 4.2.1 Húsaleiga

Sjálfsbjörg lsh. stendur í umtalsverðum leigurekstri í Sjálfsbjargarhúsinu og hefur gert í fjölda ára. Húsaleigutekjur er stærsti einstaki tekjupóstur samtakanna, eða um 65.5 milljónir króna árið 2020. Um er að ræða tvennskonar útleigu. Fyrst ber að nefna útleigu íbúða til einstaklinga (hreyfihamlaðra). Bæði er um að ræða leigu til einstaklinga sem eru í íbúðarúrræði á vegum SBH sem kallast *Sjálfstæð búseta með stuðningi* og njóta þeir fullrar aðhlynningarþjónustu SBH. Þá er um fjórðungur íbúðanna, sem eru alls 36 talsins, í almennri útleigu til einstaklinga (hreyfihamlaðra) sem ekki eru í þjónustu hjá SBH. Þá er víða í húsinu leigð út rými til fyrirtækja með margvíslega þjónustu og er Stjá sjúkraþjálfun stærsti leigutakinn sem leigir tæplega 500 m$^2$ rými á 1. hæðinni.

### 4.2.2 Happdrætti

Happdrætti hafa verið fastur tekjupóstur Sjálfsbjargar í áratugi. Um árabil hafa verið rekin tvö happdrætti með sama sniði ár hvert. Annað er nefnt Jónsmessuhappdrætti og er dregið í því á Jónsmessudag þann 24. júní. Hitt er nefnt Áramótahappdrætti (var áður jólahappdrætti) og er dregið í því þann 31. desember. Afkoma happdrættanna ræðst eðlilega af útflæði vinninga og hvort stærsti vinningurinn gangi út hverju sinni. Þá fer kostnaður sífellt vaxandi með hverju árinu og þá sérstaklega póstburðarkostnaðurinn. Eftir sem áður eru happdrættin veigamikill tekjupóstur sem ber að hlúa að á hverju ári.

### 4.2.3 Penna og skrifblokkasala

Annar árlegur tekjupóstur er sala pakka sem

samanstanda af pennum og skrifblokkum til fyrirtækja. Gerður er samningur við söluaðila um að annast framkvæmdina og hringir hann í fyrirtækin og býður merkta penna og skrifblokkir til sölu. Samantekt, pökkun og útsending pantana fer fram hjá *Ási vinnustofu*, sem rekin er af Ási styrktarfélagi.

Verið er að skoða möguleika á fleiri vörum m.a. í vefverslun á nýrri heimasíðu sem mun fara í loftið á næsta ári.

### 4.2.4 Hollvinir Sjálfsbjargar

Hópur fólks hefur styrkt Sjálfsbjörg lsh. reglulega með fjárframlagi og er hópurinn nefndur *Hollvinir Sjálfsbjargar* og eru þeir jafnframt styrktarfélagar samtakanna. Þetta hefur gefið nokkuð fastar tekjur árlega en þarf að vakta verkefnið ansi vel svo ekki fækki í hópnum eins og hafði gerst fram undir 2016. Það ár var farið í átak til að safna Hollvinum og var samið við fyrirtækið Miðlun um að hafa samband við hópinn og athuga hvort hver og einn væri reiðubúinn að hækka framlag sitt eitthvað. Jafnframt var almenn úthringing til að safna nýjum Hollvinum. Söfnunin gekk bærilega og hækkaði framlag Hollvina verulega það ár og hefur haldist nánast síðan. Hér er um góða framtíðarfjáröflun að ræða og næst öflugasti tekjupóstur samtakanna. Nýjasta skýrsla frá Miðlun sýnir að um 80% hollvina er 60 ára og eldri og þarf að fara að huga að því hvernig er hægt að ná til yngra fólks.

### 4.2.5 Styrkur ÖBÍ

Árlega veitir ÖBÍ fastan styrk til sinna aðildarfélaga og er þar tekið tillit til félagafjölda hvers og eins. Jafnframt hafa síðustu ár verið veittir viðbótarstyrkir ef afkoma ÖBÍ hefur hefur verið góð. Árið 2016 voru heildarstyrkir frá ÖBÍ 6,3 milljónir króna, 2017 6,2 milljónir króna, 4 milljónir árið 2018 og 4.1 milljón árið 2019 og árið 2020 voru heildarstyrkir 9 milljónir króna.

### 4.2.6 Nýjar fjáröflunarleiðir

Í lok ársins sótti nýr framkvæmdastjóri námskeið í gegnum Miðlun og Fundraising til að skoða möguleikana á nýjum aðferðum og nálgunum og í framhaldinu var ákveðið að á næsta ári verði haldið sérstakt fjáröflunarnámskeið fyrir stjórn, starfsmenn Landsambandsins og aðildarfélög Sjálfsbjargar þar sem unnið verður að því að skýra betur hlutverk Sjálfsbjargar, kynna Sjálfsbjörg út á við og fá fleiri styrktaraðila fyrir stærri verkefnum á landsvísu.

# FÉLAGSMÁLIN

## 5.1 Landsfundur 2020

Landsfundur Sjálfsbjargar lsh. var haldinn í Reykjavík 26. September 2020 í gegnum fjarfundarbúnað. Mættir voru 24 fulltrúar frá 10 aðildarfélögum Sjálfsbjargar ásamt stjórn og starfsfólki. Helstu dagskrárliðir fundarins voru:

### Ávarp formanns

Formaður ávarpaði fundinn og bauð landsfundarfulltrúa velkomna. Fundinn átti upphaflega að halda 9. maí en honum var frestað vegna útbreiðslu Covid-19 í samfélaginu. Ákveðið var að halda landsfundinn með rafrænum hætti þar sem sóttvarnaraðgerðir hafa verið hertar og smitum hefur fjölgað í samfélaginu á nýjan leik. Rekstur samtakanna er með ágætum og er með hefðbundnum hætti. Nokkur mál eru í farvegi hjá byggingarfulltrúum vegna skorts á aðgengi í nýjum byggingum ef ekki rætist úr gætu þessi mál endað hjá dómstólum. Heilbrigðisráðherra hefur kynnt aukið fjármagn til endurhæfingar sem og ríkisstjórnin sem hefur sett fram áætlun sem tekur til endurhæfingar. Mikil tækifæri eru framundan hjá Sjálfsbjörg landssambandi þar sem endurhæfing hjá Sjálfsbjargarheimilinu fær meira vægi.

### Formaður lýsti landsfund settan

Dagskrá lögð fram til samþykktar Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins. Dagskrá fundarins hafði verið birt rafrænt á heimasíðu Sjálfsbjargar. Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum vegna boðunar fundarins. Fundarstjóri lagði fram dagskrá fundarins og kallaði eftir athugasemdum. Gerð var athugasemd við að tillögur um lagabreytingar hafi ekki borist innan þeirra fjögurra vikna sem lög samtakanna kveða á um og því ekki löglega fram bornar. Formaður tók til máls og sagði að um mistök hafi verið að ræða varðandi tímasetningu á birtingu tillaganna og því yrði kosningu lagabreytinga frestað til næsta landsfundar. Einnig yrði fundarlið um nafnbreytingu Sjálfsbjargarheimilisins frestað þar sem sú umræða tengist lagabreytingunum. Fundarstjóri spurði hvort athugasemdir væru gerðar við það að fresta kosningu lagabreytinga. Engar athugasemdir bárust. Fundarstjóri spurði hvort athugasemdir væru gerðar við það að fresta kosningu um nafnabreytingu Sjálfsbjargarheimilisins . Engar athugasemdir voru gerðar.

- Kjörið var í þau embætti sem voru til kjörs í stjórn og voru allir sjálfkjörnir. Í aðrar nefndir má sjá þá sem voru kjörnir fremst í skýrslunni.
- Skýrsla stjórnar og ársreikningar samtakanna fyrir árið 2020 voru kynntir og ársreikningarnir síðan samþykktir. Skýrsluna með ársreikningunum má finna á vefsíðu samtakanna.
- Skýrslur félaganna -umræður um skýrslur félaganna var frestað.
- Skýrsla og ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins voru lögð fram.
- Fjárhagsáætlun 2020-2021 var lögð fram og samþykkt.
- Tillaga um óbreytt árgjald var lögð fram og samþykkt.

- Lagabreytingar.
- Fundarlið frestað til Landsfundar 2021.
- Tillaga um nafnabreytingu Sjálfsbjargarheimilisins.
- Fundarlið frestað til Landsfundar 2021.

**Kosningar**
Jón Heiðar Jónsson varaformaður fór yfir tillögu Kjörnefndar sem hafði skilað af sér tillögu um 5 manna stjórn ásamt 2 varamönnum. Miðaðist sú tillaga við að þær lagabreytingatillögur sem stjórn og laganefnd lagði fyrir landsfund yrði að veruleika. Þar sem lagabreytingum var frestað til næsta landsfundar lagði varaformaður fram nýja tillögu sem kveður á um 7 manna stjórn ásamt 2 varamönnum.

**Varaformaður bar upp eftirfarandi tillögu:**
Í framboði til setu í stjórn Sjálfsbjargar 2020-2022 eru Bergur Þorri Benjamínsson sem formaður, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir sem gjaldkeri, Margrét S. Jónsdóttir sem ritari til eins árs, Margrét Lilja Arnheiðardóttir sem meðstjórnandi, Ólafía Ósk Runólfsdóttir sem meðstjórnandi, Jón Eiríksson sem varamaður 1 og Guðmundur Ingi Kristinsson sem varamaður 2. Áfram sitja í stjórn Jón Heiðar Jónsson varaformaður og Guðni Sigmundsson meðstjórnandi en þeir voru kjörnir í stjórn til tveggja ára á Landsfundi 2019. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Í laganefnd sitja Guðni Sigmundsson og Anna Kristín Sigvaldadóttir. Í framboði voru Ólafía Ósk Runólfsdóttir, Margrét Lilja Arnheiðardóttir og Frímann Sigurnýasson. Voru þau réttkjörin í laganefnd.

Í kjörnefnd sitja Guðbjörg K. Eiríksdóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson og Margrét S. Jónsdóttir. Í framboði voru María Óskarsdóttir og Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttur. Voru þær réttkjörnar.

Í Hjálparliðasjóð situr áfram Sævar Guðjónsson. Í framboði voru Ásta Þórdísi Skjalddal Guðjónsdóttur og Guðni Sigmundsson. Voru þau réttkjörin.

Í Minningarsjóði Jóhanns Péturs Sveinssonar voru í framboði Sævar Guðjónsson, Sóley B. Axelsdóttir, Hafdís B. Hilmarsdóttir og María Óskarsdóttir. Voru þau réttkjörin.

Sem fulltrúi í stjórn Medic Alert var í framboði Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir og var hún réttkjörin.

Tilnefningar í stjórn starfskjaranefndar voru Stefán Snær Konráðsson framkvæmdastjóri Íslenskrar Getspár, Katrín S. Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Hagvangs og Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir. Voru þau réttkjörin.

**Önnur mál**
Bergur Þorri Benjamínsson formaður fór yfir málaferli vegna lóðamála en þau hafa staðið yfir frá árinu 2018 og eru vegna lóðauppskiptingar Hátúns 10, 12 og 14.

**Ályktanir samþykktar á Landsfundi Sjálfsbjargar lsh. 2020**

### Ályktun um kjaramál

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 26. september 2020 kallar eftir kjarabótum fyrir Öryrkja strax. Fulltrúar öryrkja hafa unnið alla þá heimavinnu sem til þarf en málið strandar hins vegar á stjórnvöldum. Ekki gengur að örorkulífeyrir sé lægri en atvinnuleysisbætur og meira en 100.000 kr. lægri en lægstu launataxtar. Fólk á lægstu launum getur varla dregið fram lífið hvað þá örorkulífeyrisþegar. Hætta þarf skerðingum vegna lífeyrissjóðs og atvinnutekna og taka svokallað „krónu-fall" úr sambandi án tafar.

### Ályktun um starfsgetumat

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 26. september 2020 skorar á stjórnvöld að láta af frekari tilraunum til starfsgetumats sem er einungis til þess fallið að valda viðkvæmum hópi gríðarlegu óöryggi og afkomukvíða. Byrja þarf á byrjuninni með því að skipta heils dags störfum í hlutastörf. Þannig er ekkert ráðuneytanna að ganga á undan með góðu fordæmi eins og svör við nýlegum fyrirspurnum á Alþingi sanna. Við skorum á stjórnvöld að opna þannig farveg fyrir öryrkja út í atvinnulífið öllum til hagsbóta.

### Ályktun um ferðaþjónustu fatlaðra

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra æskir þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vandi sig þegar kemur að nýju útboði á ferðaþjónustu fatlaðra, bæði þau sem munu standa að sameiginlegu útboði á þjónustu og ef fleiri sveitarfélög en Hafnarfjörður ætla að kljúfa sig út og reka þjónustuna á eigin vegum.

### Ályktun um algilda hönnun

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra telur að búið sé að gefa of mikið eftir í algildri hönnun. Meginninntak algildrar hönnunar var að við hönnun allra mannvirkja

sé tekið tillit til þess að hreyfihamlað fólk geti búið þar eða komið þangað sem gestir. Fjölmörg dæmi eru um að svo sé ekki, heldur þarf að ráðast í miklar breytingar á nýjum mannvirkjum og manngerðu umhverfi svo að þær nýtist hreyfihömluðum.

Landsfundi Sjálfsbjargar eru gerð ítarlegri skil í fundargerð á heimasíðu Sjálfsbjargar.

## 5.3 Ársverkefnið 2020

Vegna COVID var ársverkefni frestað en stefnt er að námskeiðum í byrjun næsta árs til að fræða og þjálfa upp aðgengisfulltrúa Sjálfsbjargar

## 5.4 Gullmerki Sjálfsbjargar

Tryggvi Friðjónsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri samtakanna þann 31. janúar 2020. Tryggvi hefur í þrígang á sínum starfsferli unnið sem framkvæmdastjóri landsambandsins. Fyrst þegar hann hóf störf þá sinnti hann bæði framkvæmdastjórastöðu Vinnu og dvalarheimilis Sjálfsbjargar og framkvæmdastjórastöðu Sjálfsbjargar landsambands í rúm 3 ár eða frá árinu 1989-1993.

Á árunum 2010-2016 sinnti hann aftur stöðu framkvæmdastjóra landsambandsins samhliða því að sinna stöðu framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins. Síðast var svo kallað í Tryggva þann 1.október 2019 er hann tók tímabundið við stöðu framkvæmdastjóra landsambandsins en í þetta sinn afsalaði hann stöðu sinni hjá heimilinu.

Það starf sem unnið er hjá félagasamtökum eru oft flókið, umfangsmikið og krefst mikillar hæfni í samskiptum. Málefnin geta verið eldfim og mikilvægt er að hafa þann hæfileika að nálgast þau af varfærni og virðingu. Það er gott að muna eftir ýmsu sem hefur verið unnið í tímanna rás og það hefur verið ómetanlegt að geta „flett"upp í Tryggva og þeirri reynslu sem hann býr yfir.



Tryggvi Friðjónsson og Bergur Þorri Benjamínsson á góðri stundu.

Það var því vel við hæfi að veita Tryggva Gullmerki Sjálfsbjargar við hans starfslok sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna í þessa 3 áratugi.

# MÁLEFNASTARFIÐ

## 6.1 Aðgengismál

Með tilkomu laga um algilda hönnun árið 2012 var það skilningur þess sem þetta ritar og margra annarra að þar með væri búið að tryggja aðgengi allra alls staðar, jafnvel við óvenjulegar aðstæður. Síðan hefur það komið betur og betur í ljós að svo er hreint ekki. Þeir aðilar sem koma að verklegum framkvæmdum túlka lög og reglur misjafnlega þannig að afleiðingarnar eru skýrar. Aðgengi fyrir alla, alls staðar er ekki tryggt.

**Sjóböðin á Húsavík**

Eftir langt og mikið reipi tog hef stjórn Sjóbaðanna á Húsavík fallist á að kaupa lyftu fyrir hreyfihamlaða. Er þetta mikið fagnaðarefni. Það er gleðilegt að sú barátta sem Sjálfsbjörg hefur staðið fyrir skili





Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar og Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra.

loksins árangri. Þessi niðurstaða gefur fordæmi fyrir aðra sambærilega staði annars staðar á landinu. Lög og reglur í landinu eru alveg skýr hreyfihamlaðir eiga að komast í öll ný böð sem byggð eru í landinu reiknað er með að lyftan verði kominn í gagnið sumarið 2021.

**Aðgengi að öðrum sambærilegum baðstöðvum**
Í framhaldi að farsælli niðurstöðu í Sjóbaða málinu var talið rétt að beina kastljósinu að öðrum sambærilegum baðstöðvum, en fyrst var ráðherra umhverfismála spurður, með milligögnu Alþingis um hvaða fyrirmæli í lögum og reglum gilda um aðgengi hreyfihamlaðra að sund- og baðstöðum og baðstöðum í náttúrunni? Hvernig er þeim fyrirmælum framfylgt?

Stutta svarið er að í öryggisreglum er kveðið á um að mikilvægt sé að sund- og baðstaðir hafi lyftu sem hjálpartæki til þess að koma einstaklingi í laugina sem þarf slíkt hjálpartæki. Það er sem sagt ekki skylda. Einnig kemur fram að Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga virðist sem engin heilbrigðisnefnd hafi gert athugasemdir varðandi aðgengi hreyfihamlaðra [að baðstöðvum]. Þetta rímar ekki við upplifun Sjálfsbjargar og ljóst að funda þarf með nokkrum aðilum úr stjórnkerfinu til að skýra þetta, enda ljóst að þó nokkrir nýlegir baðstaðir eru alls ekki aðgengilegir hreyfihömluðum.

**Hækkun á bílastyrkjum til hreyfihamlaðra**
Þann 15. júní 2020 undirritaði félags og barnamálaráðherra breytingu á reglugerð sem hækkaði bílastyrki til mikið hreyfihamlaðra einstaklinga um 20%. Vegna veikingar krónunnar á undanförnum misserum eru dæmi um að hreyfihamlaðir einstaklingar sem fest hafa kaup á sérútbúnum og dýrum bifreiðum hafi þurft að reiða fram mun hærri fjárhæðir fyrir bifreiðarnar en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Styrkirnir námu áður 50-60% af kaupverði bifreiðar, en að hámarki 5.000.000 kr. Eftir 20% hækkun mun fjárhæð styrksins verða að hámarki 6.000.000 kr. Styrkirnir eru veittir á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.

Alls voru greiddir 18 styrkir til kaupa á sérútbúnum og dýrum bifreiðum á árinu 2019, 15 á árinu 2018, 9 á árinu 2017 og 14 styrkir á árinu 2016.

**Aðgengisnámskeiðin i undirbúningi með Hörpu**
Tillaga að námskeiði í úttektum á aðgengi fyrir aðildarfélögin var samþykkt á stjórnarfundi í nóvember. Harpa Cilia Ingólfsdóttir byggingar-fræðingur og starfsmaður HMS mun leiða nám-skeiðin fh. Sjálfsbjargar. Markmiðið með nám-skeiðunum er að skapa þekkingu um allt land til að einstaklingar geti tekið út byggingar gegn hóflegri greiðslu.

# UPPLÝSINGAMÁL

**Það er afar mikilvægt fyrir félagasamtök eins og Sjálfsbjörg að gæta þess að samskiptum við félagana, fjölmiðla sem og almenning sé ávallt vel við haldið. Árið 2020 gekk ágætlega en COVID hafði áhrif bæði á verkefnastöðu og félagsmálin.**

## 7.1 Klifur

Árlega er gefið út eitt tímarit á vegum Sjálfsbjargar lsh., Klifur. Síðasta tölublað (2019) var gefið út í 3.500 eintökum og dreift til Sjálfsbjargarfélaga, Hollvina og annarra velunnara samtakanna. Ritstjóri blaðsins var Guðbjörg K. Eiríksdóttir. Ekkert blað var gefið út 2020 en stefnt er að endurbættri útgáfu 2021 og hefur verið ráðinn nýr ritstjóri Páll Tómas Finnsson. Markmiðið er að gefa út fallegt og áhugavert blað með fjölda viðtala í stærra upplagi.

## 7.2 Ársskýrsla

Árlega gefur Sjálfsbjörg lsh. út ársskýrslu sem lögð er fram á árlegum Landsfundi samtakanna. Í ársskýrslunni er farið yfir helstu starfsemi á vegum samtakanna það árið, kynnt stjórn og starfsfólk á yfirstandandi ári, kynnt þau málefni sem verið er að vinna að og birtur ársreikningur samtakanna. Ársskýrsluna má síðan finna á vefsíðu samtakanna.

## 7.3 Vefsíður og samfélagsmiðlar

Mikil vinna fer í að halda úti þremur heimasíðum og Facebook síðum þeim tengdum. Tekin var ákvörðum í nóvember 2020 að sameina þessar síður undir eina til að bæta upplýsingarflæði og skýra betur hlutverk Sjálfsbjargar út á við. Leitað var tilboða í nýja síðu frá nokkrum aðilum.

Sjálfsbjörg er einnig með Facebooksíðu sem uppfærð er reglulega. Þetta er í raun fréttamiðill samtakanna, en þar er miðlað ýmsum fréttum, upplýsingum og áhugaverðu efni er tengist starfsemi samtakanna og málefnum hreyfihamlaðra (fatlaðra) og baráttumálunum. Þá hefur síðan einnig verið notuð til að kynna ýmsa starfsemi samtakanna, m.a. happdrættin þegar þau hafa verið í gangi, leigumál, og fl.. Mikilvægt er að samtökin nái til sem flestra félaga í gegnum síðuna. Auk Sjálfsbjargar eru Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar, Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar og Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar með Facebooksíður. Það á einnig við aðildarfélögin s.s. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. Sjálfsbjargarfélagar eru hvattir til að „líka" síðurnar og deila efni þeirra svo þær nái til sem flestra.

## 7.4 Fjölmiðlasamskipti

Formaður samtakanna hefur haft með fjölmiðlatengslin að gera fyrir hönd Sjálfsbjargar. Fullyrða má að vel hafi tekist til og samtökunum tekist vel að koma málefnum sínum og starfi samtakanna á framfæri við fjölmiðla síðustu misserin. Það er mikilvægt fyrir samtök sem þessi að ná athygli fjölmiðla.

## 7.5 Heillaskeyti Sjálfsbjargar

Sjálfsbjörg hefur í nokkur ár sent félagsmönnum sem eiga stórafmæli heillaóskaskeyti í tilefni dagsins. Þetta hefur mælst vel fyrir, en árlega hafa vel á annað hundruð manns fengið slík skeyti í pósti.

# TENGINGAR ÚT Í SAMFÉLAGIÐ

**Nefndir, samtök og starfshópar sem Sjálfsbjörg er aðili að eða sem stjórnarfólk eða starfsfólk Sjálfsbjargar taka þátt í fyrir hönd samtakanna.**

**Öryrkjabandalag Íslands**

Fulltrúar Sjálfsbjargar á aðalfundi ÖBÍ 2020 voru: Grétar Pétur Geirsson, Jón Heiðar Jónsson, María Óskarsdóttir og Þuríður Harpa Sigurðardóttir. Bergur Þorri Benjamínsson sat einnig fundinn sem fráfarandi gjaldkeri ÖBÍ.

Sjálfsbjargar félagar í stjórnkerfi ÖBÍ að aðalfundi 2020 loknum:

- Formaður ÖBÍ: Þuríður Harpa Sigurðardóttir (2017-)
- Gjaldkeri í stjórn: Jón Heiðar Jónsson (2020-)
- María Óskarsdóttir stjórnarmaður (2019-)

Í stjórn Brynju hússjóðs ÖBÍ: María Óskarsdóttir (2017-2019) og sem varamaður frá 2019-

Jón Heiðar Jónsson málefnahópur um aðgengi 2017-

Í Hvatningarverðlaunanefnd: Helga Magnúsdóttir (2019-)

List á landamæra: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir (2018-)

Til starfa innan ýmissa nefnda ÖBÍ voru margir félagsmenn Sjálfsbjargar: Brandur Bjarnason Karlsson, Frímann Sigurnýarsson, Jón Heiðar Jónsson, Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir og Þuríður Harpa Sigurðardóttir.

Í stýrihópi Kvennahreyfingar ÖBÍ: Þorbera Fjölnisdóttir og Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir.

EAPN – European Anti Poverty Network: Ásta Dís Guðjónsdóttir.

**NHF – norrænt bandalag hreyfihamlaðra á Norðurlöndum**
Tengiliður: formaður/framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar

**Hringsjár, náms- og starfsendurhæfingar**
Í stjórn 2019 sat Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir

**Samráðshópur sjúklingasamtaka hjá NLSH v. byggingar nýs Landspítala**
Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir

**TMF Tölvumiðstöð**
Í Stjórn 2019 sat Sævar Guðjónsson

**Námssjóður Sigríðar Jónsdóttir**
Í stjórn 2019 sat Guðríður Ólafs Ólafíudóttir sem formaður.

**Málefni fatlaðs fólk innan sveitarfélaga**
Margir Sjálfsbjargarfélagar eru virkir í ýmsum nefndum og ráðum innan sinna sveitarfélaga.

**Stjórn Íslenskrar Getspár**
Í stjórn 2019- Bergur Þorri Benjamínsson.

# HELSTU MÁL Á FUNDUM STJÓRNAR SJÁLFSBJARGAR LSH. 2020

**Skýrsla stjórnar Sjálfsbjargar lsh. 2020**

Helstu verkefni stjórnar eru að stýra starfsemi Sjálfsbjargar og annast málefni samtakanna á milli landsfunda þar sem stjórnarmenn eru kosnir til þeirra starfa skv. lögum samtakanna. Stjórn ræður framkvæmdastjóra sem ber svo ábyrgð á daglegum rekstri.

Á vettvangi stjórnar er bæði fjallað um málefni er varðar baráttumálin og málefnastarfið en einnig meiriháttar ákvarðanir er varðar rekstrarmál sem stjórn felur svo framkvæmdastjóra og starfsmönnum að koma í framkvæmd.

Árið 2020 var eins og við öll vitum afar sérstakt vegna covid-19 heimsfaraldursins. Faraldurinn setti þess vegna formanni og stjórn oft og tíðum ýmsar skorður við að halda úti venjubundnu baráttu og málefnastarfi. Það gekk þó vonum framar að aðlagast nýjum aðstæðum og veruleika í þessum aðstæðum og með hjálp tækninnar tókst að halda 9 stjórnarfundi árinu 2020. Þar af voru 7 þeirra haldnir á rafrænu formi með aðstoð Teams / Zoom.

Einnig setti faraldurinn strik í reikninginn er varðar tímasetningu og fyrirkomulag landsfundar. Á vordögum var ákveðið að fresta fundinum til hausts með það í huga að faraldurinn yrði genginn niður og stefnt á að halda hefðbundinn landsfund þann 26. september.

Þegar nær dró landsfundi hafði smitum fjölgað mikið í samfélaginu og taldi stjórn ekki annað forsvaranlegt en að færa fundinn yfir á rafrænt form með mjög stuttum fyrirvara. Það setti fundinum og eðlilegum umræðum á milli félaganna nokkrar skorður.

Þrátt fyrir þessar aðstæður var unnið að ýmsum mikilvægum og ánægjulegum baráttumálum og málefnavinnu sem formaður og stjórn tóku þátt í og koma okkar félagsmönnum til góða. Þessum verkefnum verður gerð betri skil undir kaflanum um málefnastarf í ársskýrslunni. Einnig var ákveðið að ráðast í töluverðar endurbætur á húsnæði samtakanna í Hátúni 12. Einnig var tekin ákvörðun að selja eign samtakanna, Kistuholt 19 í Bláskógabyggð. Reynslan sýndi að félagsmenn nýttu sér húsið mun minna en væntingar stóðu til. Þá hefur rekstur þess reynst þungur baggi í rekstri á undanförnum árum.

Einnig réði stjórn nýjan framkvæmdastjóra og fjármálafulltrúa til starfa á árinu. Þeim hafa fylgt nýjar og jákvæðar áherslur í störfum landssambandsins og fagnar stjórn komu þeirra til starfa með okkur.

Heilt yfir má því með sanni segja að starfið hafi gengið vonum framar á árinu 2020 þrátt fyrir þessar aðstæður sem við öll höfum búið við og margt áunnist samtökunum og félagsmönnum okkar til heilla.

Stjórn Sjálfsbjargar lsh. fundar að jafnaði einu sinni í mánuði (ekki í júlí, ágúst og desember). Á þessu tímabili hafa verið haldnir 11 bókaðir stjórnarfundir. Hér á eftir er listi yfir helstu mál sem voru til umfjöllunar á hverjum fundi á árinu 2020. Þess ber þó að geta að hér er ekki um að ræða tæmandi lista þar sem formaður og eftir

atvikum aðrir stjórnarmenn hafa sótt fjölda funda sem varðar málefni hreyfihamlaðra eða þeim tengd.

### Janúar

Berglind J. Richardsdóttir hóf störf sem fjármálafulltrúi hjá samtökunum þann 2. Janúar.

Lagt fram yfirlit yfir fjárhagsstöðu Sjálfsbjargar í árslok 2019 og 2018, samanburðurinn kemur vel út.

Undirbúningur Landsfundar. Undirbúningur fyrir landsfund 9. Maí n.k. Lagðar fram tillögur að lagabreytingu. Lögð fram tillaga að skipun í starfskjaranefndar. Samþykkt.

Formaður sat fund með forsætisráðherra þar sem rætt var um aðgengismál, eftirlit með aðgengi í nýbyggingum og lögfestingu samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og síðast en ekki síst aðgengi í nýrri skrifstofu viðbyggingu við stjórnarráðið.

### Febrúar

Formaður lagði fram yfirlit formanns.

Hæst ber að nefna vinnu við aðgengismálin í Sjóböðunum á Húsavík í samvinnu við ÖBÍ.

Ljóst er að sjóböðin uppfylla ekki lágmarkskröfur um aðgengi og verður kröfum um fullnægjandi aðgengi til streitu af ÖBÍ fyrir tilstuðlan Sjálfsbjargar lsh. Þetta er mikilvægt mál og fordæmisgefandi gagnvart sambærilegri starfsemi sem er í uppbyggingu víða um land.

Formaður átti fund með forsvarsmönnum Samtaka iðnaðarins og er afstaða SI er sú að að byggingaraðilar verði að uppfylla lámarksákvæði byggingarreglugerða, annað sé ólöglegt. Sjóböðin uppfylla ekki lámarksákvæði byggingarreglugerða. Einnig var unnið í málum er varða skráningu bifreiða m.t.t sérbúnaðar og öryggi hreyfihamlaðra í bifreiðum en þær reglur þarf að endurskoða.

### Mars

Haldir voru fundir m.a. með Samgöngustofu og Samgönguráðuneyti. Rætt var um verklagsreglur sem verið að vinna í sem taka m.a. til útgáfu bílastæðiskorta og takmörkun á gilditíma korta með tilliti til aldurs. Rætt um gjaldtöku á P merktum stæðum sbr. gjaldtöku í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

### Apríl - maí

Formaður sagði frá og lagði fram upplýsingar um svör frá Verkfræðistofunni Eflu sem varðar uppbyggingu á ferðamannastöðum vegna vinnu sem hann hefur tekið þátt í.

Ljóst er að uppbygging ferðamannastaða er oft ábótavant þegar kemur að aðgengi hreyfihamlaðra.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða leggur oft til mikið fé en seint í ferlinu er hugað að aðgengi og þá eru fjármunir oft búnir. Regluverkið er til staðar en mikið skilningsleysi er á aðgengismálum fyrir hreyfihamlaða bæði hjá stjórnvöldum og byggingaraðilum. Eftirlitið er veikt og afleiðingar fyrir byggingaraðila að fara ekki eftir lögum um aðgengi eru litlar sem engar.

### Dómsmál Brynju gegn Reykjavíkurborg og Sjálfsbjörg

Málarekstur við Brynju hússjóð vegna skiptingar á lóðinni í Hátúni 12 hélt áfram á árinu en landsréttur sneri við úrskurði Héraðsdóms sem hafnaði kröfu Brynju þinglýsingu á stefnu Brynju á lóðarleigusamning á lóðinni Hátún 12. Er þetta leið Brynju til að tryggja að ekki sé hægt að fara í neinar framkvæmdir sem og að ekki sé hægt að breyta neinum þinglýstum skjölum sem varðar lóð Sjálfsbjargar að Hátúni 12. Þessi leið er íþyngjandi auk þess sem hún er óþarfi, best væri að drífa efnislegan dóm af um aðal ágreiningsefnið, hvort lóðunum Hátún 10-14 hafi verið skipt upp eða hvort þetta teljist ein sameiginleg lóð. Niðurstaða í það mál verður að bíða nýs árs.

### Júní

Formaður vann að og þrýsti á hækkun á bifreiðastyrkjum vegna stórra sérútbúinna bifreiða sem fluttar eru til landsins fyrir þá sem eru mikið hreyfihamlaðir. Samstarf náðist við Félags- og barnamálaráðherra sem hækkaði styrki til bifreiðakaupa um 1 milljón fyrir þennan tiltekna hóp. Ekki náðust samningar um hækkun á minni bifreiðum að þessu sinni.

Áformað er að fara í samstarf við ÖBÍ vegna þeirra og skoða hvort að hægt sé að ná samningum fyrir hönd þess hóps. Formaður fór á einnig á fundi vegna nýbygginga sem eru oft óaðgengilegar sem er með öllu óásættanlegt.

Rætt um og þrýst á um bætt bílastæði fatlaðra við verslunarkjarna í Hveragerði.

Formaður upplýsti um að hægt er að sækja um bílastæðakort í gegnum island.is og það styttist í að það ferli verið algjörlega rafrænt.

Áfram unnir með Málefni GeoSea-sjóbaðanna á Húsavík sem voru komin í góðan farveg.

Formaður var viðstaddur vígslu á lyftu við Bessastaði.

Formaður sótti fund með landsfundarfulltrúum

Sjálfsbjargar á Höfuðborgarsvæðinu í aðdraganda landsfundar. Formaður sat einnig rafræna fundi með ÖBÍ og NHF.

Farið yfir ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra lsh.

Knúið á um betra fyrirkomulag við að sækja um rafrænt örorkukort á mínum síðum hjá TR.

Formaður sótti fund hjá Samtökum í ferðaþjónustu vegna aðgengismála í víðu samhengi og ítrekaði mikilvægi þess að fá ferðaþjónustuna í lið með Sjálfsbjörg til að setja aðgengismál í forgrunn.

Rætt um aðgengi að rafbílastæðum sem er mjög misjafnt og takmarkað regluverk til um. Varaformaður tók málið upp innan aðgengishóps ÖBÍ þar sem unnið var ítarlega með málið.

**September**

Undirbúningur landsfundar.

Landsfundur haldinn 26. september 2020.

**Október**

Formanni og og varaformanni falið af stjórn að klára ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra. Eftir ráðningarferli í samstarfi við Hagvang var ákveðið að ráða Ósk Sigurðardóttur í starfið og hóf hún störf þann 1. nóvember 2020.

Mál Þekkingarmiðstöðvar var tekið upp sameiginlega á fundi Sjálfsbjargarheimilisins. Ákveðið að færa starfsemi miðstöðvarinnar undir lsh.

**Nóvember - desember**

Haldin að námskeiði í úttektum á aðgengi fyrir aðildarfélögin. Harpa Cilia Ingólfsdóttir mun leiddi námskeiðin fh Sjálfsbjargar.

Ákveðið að ráðast í ýmsar endurbætur og verkefni innanhúss, m.a að mála íbúða og stigaganga.

Stjórn samþykkti að setja Kistuholt á sölu vegna mikilla rekstrarörðugleika. Erindi sent á stjórn ÖBÍ, ofl. aðildarfélög sem og stéttarfélög sem vori látin vita af sölunni og möguleika á þessu aðgengilega húsnæði fyrir sína félagsmenn.

Starfsmaður ráðinn til húsvörslu og aðstoð í hjálpartækjaleigu í gegnum Vinnumálastofnun.

Ræddar og ákveðnar breytingar og áherslur í útgáfu Klifurs. Páll Tómas Finnsson mun tók að sér ritstjórn.

Áveðið að ráðast í gagngerar endurbætur á heimasíðu samtakanna og færa síður Þekkingarmiðstöðvar, Hjálpartækjaleigu og Sjálfsbjargarheimilisins þar undir.

# AÐILDARFÉLÖG SJÁLFSBJARGAR LSH. OG STJÓRNARFÓLK 31.12. 2020

**Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni**

| | |
|---|---|
| Herdís Ingvadóttir | formaður |
| Ívar Herbertsson | varaformaður |
| Jósep Sigurjónsson | gjaldkeri |
| Kristín Sigfúsdóttir | ritari |
| Sigrún María Óskarsdóttir | meðstjórnandi |

Varamenn:

Jakob Tryggvason
Linda Egilsdóttir
Rúnar Þór Björnsson

**Sjálfsbjörg í Austur-Húnavatnssýslu (31.12.2018)**

| | |
|---|---|
| Ingunn María Björnsdóttir | formaður |
| Kristín Hrönn Árnadóttir | varaformaður |
| Auður Ingibjörg Hafsteinsdóttir | gjaldkeri |
| Jón Sigurðsson | ritari |
| Sigríður Höskuldsdóttir | meðstjórnandi |
| Bjarni Stefánsson | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg í Bolungarvík**

| | |
|---|---|
| Kristján Karl Júlíusson | formaður |
| Ólafía Ósk Runólfsdóttir | varaformaður |
| Nikólína Beck Þorvaldsdóttir | gjaldkeri |
| Margrét Sæunn Hannesdóttir | ritari |
| Magnús Ingi Jónsson | meðstjórnandi |
| Anna Torfadóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Siglufirði/Fjallabyggð**

| | |
|---|---|
| Hafdís Eyland Gísladóttir | formaður |
| Sigurrós Sveinsdóttir | varaformaður |
| Sólveig Halla Kjartansdóttir | gjaldkeri |
| Guðný Guðmundsdóttir | ritari |
| Björg Einarsdóttir | meðstjórnandi |
| Finnur Óskarsson | meðstjórnandi |
| María Lillý Ragnarsdóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Mið-Austurlandi**

| | |
|---|---|
| Guðni Sigmundsson | formaður |
| Berglind Sigurðardóttir | varaformaður |
| Þórir Dan Friðriksson | gjaldkeri |
| Sigríður Birna Ólafsdóttir | ritari |
| Arnar Klementsson | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Húsavík og nágrenni**

| | |
|---|---|
| María Óskarsdóttir | formaður |
| Hermann Larsen | gjaldkeri |
| Sigurbjörg Jóhannesdóttir | ritari |

Varamenn:

Agnar Kári Sævarsson
Kristbjörn Óskarsson
Einar Þór Kolbeinsson

**Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni**

| | |
|---|---|
| Herdís Ingvadóttir | formaður |
| Ívar Herbertsson | varaformaður |
| Jósep Sigurjónsson | gjaldkeri |
| Kristín Sigfúsdóttir | ritari |
| Sigrún María Óskarsdóttir | meðstjórnandi |

Varamenn:
Jakob Tryggvason
Linda Egilsdóttir
Rúnar Þór Björnsson

**Sjálfsbjörg í Austur-Húnavatnssýslu**

| | |
|---|---|
| Ingunn María Björnsdóttir | formaður |
| Kristín Hrönn Árnadóttir | varaformaður |
| Auður Ingibjörg Hafsteinsdóttir | gjaldkeri |
| Jón Sigurðsson | ritari |
| Sigríður Höskuldsdóttir | meðstjórnandi |
| Bjarni Stefánsson | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg í Bolungarvík**

| | |
|---|---|
| Kristján Karl Júlíusson | formaður |
| Ólafía Ósk Runólfsdóttir | varaformaður |
| Nikólína Beck Þorvaldsdóttir | gjaldkeri |
| Margrét Sæunn Hannesdóttir | ritari |
| Magnús Ingi Jónsson | meðstjórnandi |
| Anna Torfadóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Siglufirði / Fjallabyggð**

| | |
|---|---|
| Hafdís Eyland Gísladóttir | formaður |
| Sigurrós Sveinsdóttir | varaformaður |
| Sólveig Halla Kjartansdóttir | gjaldkeri |
| Guðný Guðmundsdóttir | ritari |
| Björg Einarsdóttir | meðstjórnandi |
| Finnur Óskarsson | meðstjórnandi |
| María Lillý Ragnarsdóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Mið-Austurlandi**

| | |
|---|---|
| Guðni Sigmundsson | formaður |
| Berglind Sigurðardóttir | varaformaður |
| Þórir Dan Friðriksson | gjaldkeri |
| Sigríður Birna Ólafsdóttir | ritari |
| Arnar Klementsson | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Húsavík og nágrenni**

| | |
|---|---|
| María Óskarsdóttir | formaður |
| Hermann Larsen | gjaldkeri |
| Sigurbjörg Jóhannesdóttir | ritari |

Varamenn:
Agnar Kári Sævarsson
Kristbjörn Óskarsson
Einar Þór Kolbeinsson

**Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu**

| | |
|---|---|
| Grétar Pétur Geirsson | formaður |
| Hannes Sigurðsson | varaformaður |
| Arndís Baldursdóttir | gjaldkeri |
| Brandur Bryndísarson Karlsson | ritari |
| Guðmundur Haraldsson | meðstjórnandi |

Varamenn:
Ólafur Bjarni Tómasson
Guðrún Elísabet Bentsdóttir
Sigvaldi Búi Þórarinsson
Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir
Pála Kristín Bergsveinsdóttir
Einar Þór Kolbeinsson

**Sjálfsbjörg á Ísafirði**

| | |
|---|---|
| Hafsteinn Vilhjálmsson | formaður |
| Auður Björnsdóttir | varaformaður |
| María Hagalínsdóttir | gjaldkeri |
| G. Sigríður Þórðardóttir | ritari |
| Helgu Þuríður Magnúsdóttir | meðstjórnandi |

Varamenn:
Hrefna Magnúsdóttir
Halla Sigurðardóttir

**Sjálfsbjörg í Skagafirði**

| | |
|---|---|
| Magnús G. Jóhannesson | formaður |
| Ólafur Rafn Ólafsson | varaformaður |
| Stefanía Fjóla Finnbogadóttir | gjaldkeri |
| Sæunn Hrönn Jóhannesdóttir | ritari |
| Sigríður Gunnarsdóttir | meðstjórnandi |
| Sigrún Fossberg Arnardóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Suðurlandi**

| | |
|---|---|
| Svanur Ingvarsson | formaður |

**Sjálfsbjörg á Suðurnesjum**

| | |
|---|---|
| Hafdís B. Hilmarsdóttir | formaður |
| Margrét S. Jónsdóttir | varaformaður |
| Vilhelmína Pálsdóttir | gjaldkeri |
| Ágúst Guðjónsson | ritari |
| Guðný P Adólfsdóttir | meðstjórnandi |
| Auður Brynjólfsdóttir | meðstjórnandi |
| Dóra B. Ársælsdóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Vopnafirði**

| | |
|---|---|
| Marie Therese Robin | formaður |
| Haraldur Jónsson | gjaldkeri |
| Björn Halldórsson | ritari |

# ÁRSREIKNINGUR SJÁLFSBJARGAR LSH. FYRIR 2020

**Efnisyfirlit** **bls.**

Skýrsla stjórnar ........ **2**
Áritun endurskoðanda ........ **3 - 4**
Rekstrarreikningur ........ **5**
Efnahagsreikningur ........ **6 - 7**
Sjóðstreymi ........ **8**
Skýringar ........ **9 - 12**

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra
Kennitala 570269-2169
Hátún 12, 105 Reykjavík

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra

## Meginstarfsemi sambandsins

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra eru samtök aðildarfélaga Sjálfsbjargar sem starfa víða um land og bera öll nafn Sjálfsbjargar og svo staðsetningu.

Aðalstarfsemi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra fer fram á skrifstofu samtakanna sem er í húseign þeirra að Hátúni 12, 105 Reykjavík.

Helstu starfsemisþættir eru:
1. Hagsmuna- og málefnabarátta
2. Fjáröflun og rekstrarmál
3. Útgáfu- og kynningarstarfsemi
4. Rekstur Sjálfsbjargarhússins
5. Rekstur Sjálfsbjargarheimilisins

## Starfsemin á árinu

Rekstur Sjálfsbjargar var með svipuðu móti í ár og síðastliðin ár. Heildarvelta samtakanna árið 2020 nam kr. 143,7 milljónum og hefur aukist um 0,26% frá fyrra ári. Hagnaður ársins nam kr. 14,7 milljónum í samanburði við 8,3 milljóna tap árið 2019. Fjöldi ársverka á árinu 2020 var 4,42 en var 3,87 árið árið á undan.

Það er álit stjórnar Sjálfsbjargar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í lok árs 2020, rekstrarafgangi ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Covid-19 hefur haft óveruleg áhirf á starfsemi sambandsins. Ekki er gert ráð fyrir að verulegum áhrifum á yfirstandandi ári.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til eiginfjáryfirlits vegna ráðstöfunar á hagnaði ársins.

Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Reykjavík, 25. maí 2021

Stjórn: Bergur Þorri Benjamínsson

Jón H. Jónsson

Margrét S Jónsdóttir

Margrét Lilja Aðalsteinsd.

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

*Ársreikningurinn innifelur*
- Skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra.
- Rekstrarreikning ársins 2020.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
- Sjóðstreymi ársins 2020.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

*Óhæði*

Við erum óháð sambandinu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra

Stjórn og framkvæmdarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdarstjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sambandsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sambandsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sambandið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sambandsins. Stjórnendum sambandsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sambandsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sambandsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sambandið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 25. maí 2021.

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýringar | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög og styrkir | | 9.693.540 | 6.733.367 |
| Fjáraflanir, hollvinir, happdrætti ofl. | | 63.963.672 | 63.645.353 |
| Húsaleigutekjur | | 65.469.667 | 68.224.903 |
| Aðrar tekjur | | 4.526.897 | 4.674.063 |
| | | 143.653.776 | 143.277.686 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðar vegna fjáraflana | | 28.081.411 | 28.401.565 |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 27.578.404 | 50.009.847 |
| Félagsmál | | 3.002.031 | 7.434.316 |
| Húsnæðiskostnaður | | 44.280.959 | 43.975.357 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 11.994.978 | 7.389.436 |
| Afskriftir | 6 | 12.917.438 | 13.359.952 |
| | | 127.855.221 | 150.570.473 |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | 15.798.555 | (7.292.787) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 5 | (1.091.126) | (1.026.831) |
| | | (1.091.126) | (1.026.831) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 14.707.429 | (8.319.618) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| Eignir | Skýringar | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Fasteignir og lóðir | | 304.131.091 | 296.036.432 |
| Innréttingar, áhöld og tæki | | 5.052.363 | 5.792.893 |
| | | 309.183.454 | 301.829.325 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 309.183.454 | 301.829.325 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 7 | 1.621.582 | 5.372.570 |
| Kröfur á tengd félög | 11 | 276.752 | 2.158.230 |
| Handbært fé | 8 | 32.660.711 | 21.461.548 |
| | | 34.559.045 | 28.992.348 |
| **Eignir samtals** | | 343.742.499 | 330.821.673 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 9 | 189.793.823 | 175.086.394 |
| | | 189.793.823 | 175.086.394 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Skuldir í íslenskum krónum | 10 | 12.510.705 | 128.038.888 |
| | | 12.510.705 | 128.038.888 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 9.755.694 | 10.065.734 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 6.119.094 | 16.802.791 |
| Skuld við tengda aðila | | 9.715.000 | 0 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 10 | 115.848.183 | 827.866 |
| | | 141.437.971 | 27.696.391 |
| **Skuldir samtals** | | 153.948.676 | 155.735.279 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 343.742.499 | 330.821.673 |

**Fimm ára yfirlit** 12

**Aðrar upplýsingar** 13

# Sjóðstreymi ársins 2020

| | Skýringar | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | 14.707.429 | (8.319.618) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 12.917.438 | 13.359.952 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | 0 | (3.251) |
| Verðbætur og gengismunur langtímaskulda | | 0 | 16.621 |
| | | 27.624.867 | 5.053.704 |
| (Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 7 | 3.750.988 | (2.817.130) |
| (Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (10.993.737) | 4.836.074 |
| | | (7.242.749) | 2.018.944 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 20.382.118 | 7.072.648 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfestingar varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | (20.271.567) | (9.242.389) |
| Sala varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 70.000 |
| | | (20.271.567) | (9.172.389) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | 10 | (507.866) | (456.168) |
| Tengdir aðilar, breyting | 11 | 11.596.478 | 3.238.970 |
| | | 11.088.612 | 2.782.802 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 11.199.163 | 683.061 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 21.461.548 | 20.778.487 |
| **Handbært fé í árslok** | | 32.660.711 | 21.461.548 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra eru samtök aðildarfélaga Sjálsbjargar sem starfa víða um land og bera öll nafn Sjálfsbjargar og svo staðsetningar.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hátúni 5, 105 Reykjavík.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

*Vörusala*
Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti og vöruskilum.

*Sala á þjónustu*
Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks tekur mið af raunverulegri veittri þjónustu sem hlutfall af heildarþjónustu sem veita skal.

## 4. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig: | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Laun | 21.470.235 | 39.735.604 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 3.143.308 | 5.467.933 |
| Launatengd gjöld | 2.964.861 | 4.806.310 |
| | 27.578.404 | 50.009.847 |

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 4,42 en voru 3,87 á fyrra ári.

## 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Banka-reikningar | Langtíma-eign / skuld | Aðrir liðir | **Samtals 2020** | **Samtals 2019** |
|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 246.766 | 0 | 5.202 | 251.968 | 380.027 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | 0 | (938.491) | (412.998) | (1.351.489) | (1.406.883) |
| Gengismunur | 0 | 0 | 8.395 | 8.395 | 25 |
| | 246.766 | (938.491) | (399.401) | (1.091.126) | (1.026.831) |

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir og lóðir | Innréttingar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árslok 2019:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 307.580.147 | 7.709.433 | 315.289.580 |
| Viðbót ársins | 8.253.567 | 988.822 | 9.242.389 |
| Sala ársins | (9.275.943) | (66.749) | (9.342.692) |
| Afskriftir | (10.521.339) | (2.838.613) | (13.359.952) |
| Bókfært verð í árslok | 296.036.432 | 5.792.893 | 301.829.325 |
| Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 748.961.710 | 35.645.843 | 784.607.553 |
| Afskrifað samtals | (452.925.278) | (29.852.950) | (482.778.228) |
| Bókfært verð í árslok | 296.036.432 | 5.792.893 | 301.829.325 |
| **Árslok 2020:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 296.036.432 | 5.792.893 | 301.829.325 |
| Viðbót ársins | 19.280.058 | 991.509 | 20.271.567 |
| Afskriftir | (11.185.399) | (1.732.039) | (12.917.438) |
| Bókfært verð í árslok | 304.131.091 | 5.052.363 | 309.183.454 |
| Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 768.241.768 | 36.637.352 | 804.879.120 |
| Afskrifað samtals | (464.110.677) | (31.584.989) | (495.695.666) |
| Bókfært verð í árslok | 304.131.091 | 5.052.363 | 309.183.454 |

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 0-12% |
| Innréttingar, áhöld og tæki | 35% |

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

| Fasteignir sambandsins í árslok 2020 voru eftirtaldar: | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Hátún 12, Reykjavík | 2.737.750.000 | 2.699.450.000 | 251.805.235 |
| Kistuholt 19, Bláskógabyggð | 46.950.000 | 0 | 52.325.856 |
| | 2.784.700.000 | 2.699.450.000 | 304.131.091 |

### Veðsetningar

Á fasteignum sambandsins í Kistuholti 19 og Hátúni 12 hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði kr. 128,4 milljónir í árslok 2020.

# Skýringar

## 7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 971.795 | 2.158.820 |
| Minnisbækur loforð | 87.800 | 122.150 |
| Óinnheimtar styrktarlínur | 0 | 2.996.400 |
| Greiðslukort Visa/Euro | 561.987 | 95.200 |
| | 1.621.582 | 5.372.570 |

## 8. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## 9. Eigið fé

**Yfirlit um breytingu á eigin fé**

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| **Hreyfingar 2019:** | |
| Staða í ársbyrjun | 183.406.012 |
| Tap ársins | (8.319.618) |
| Staða í árslok | 175.086.394 |
| **Hreyfingar 2020:** | |
| Staða í ársbyrjun | 175.086.394 |
| Hagnaður ársins | 14.707.429 |
| Staða í árslok | 189.793.823 |

## 10. Langtímaskuldir

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum: | | |
| Verðtryggðar skuldir. Vextir 5,3% | 13.358.888 | 13.866.754 |
| Óverðtryggðar skuldir. Vextir 7,55% | 115.000.000 | 115.000.000 |
| | 128.358.888 | 128.866.754 |

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok.

Afborganir af langtímaskuldum sambandsins í árslok 2020 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2021 | 115.848.183 |
| Árið 2022 | 848.183 |
| Árið 2023 | 848.183 |
| Árið 2024 | 848.183 |
| Árið 2025 | 848.183 |
| Síðar | 9.117.971 |
| | 128.358.888 |

Langtímaskuldir samtals kr. 128.358.888, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir ársins 2021, færðar meðal skammtímaskulda | 115.848.183 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 12.510.705 |
| | 128.358.888 |

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2021. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Óverðtryggða lán félagsins var með gjalddaga í apríl 2021 og því flokkað sem lán til skamms tíma. Stjórnendur sambandsins hafa ósakð eftir endurfjármögnun lánsins og eru viðræður þess efnis langt á veg komnar. Gangi það eftir mun flokkun lánsins vera meðal langtímaskulda.

# Skýringar

## 11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar Sjálfsbjargar eru Sjálfsbjargarheimilið, aðildarfélög Sjálfsbjargar sem starfrækt eru víðsvegar um landið, framkvæmdarstjórn samtakanna og aðrir lykilstarfsmenn. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Tekjur | 2.752.652 | 2.264.147 |
| *Kröfur á tengda aðila* | | |
| Sjálfsbjargarheimilið | 187.349 | 1.997.788 |
| Sjálfsbjargarfélögin | 89.403 | 160.442 |
| | 276.752 | 2.158.230 |

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

## 12. Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit félagsins greinist þannig:

| | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 143.654 | 143.278 | 141.612 | 138.552 | 119.223 |
| Rekstrargjöld | (127.855) | (150.570) | (125.647) | (113.284) | (122.394) |
| Hagnaður f. fjárm.liði | 15.799 | (7.293) | 15.965 | 25.268 | (3.170) |
| Fjármagnsliðir | (1.091) | (1.027) | (2.645) | (1.562) | (702) |
| Hagnaður (tap) ársins | 14.707 | (8.320) | 13.320 | 23.706 | (3.872) |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Fastafjármunir | 309.183 | 301.829 | 315.290 | 185.382 | 162.642 |
| Veltufjármunir | 34.559 | 28.992 | 28.731 | 26.877 | 25.682 |
| Eignir samtals | 343.742 | 330.822 | 344.021 | 212.259 | 188.324 |
| Eigið fé | 189.794 | 175.086 | 183.406 | 170.086 | 146.380 |
| Skuldbindingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.480 |
| Langtímaskuldir | 12.511 | 128.039 | 128.543 | 13.888 | 14.394 |
| Skammtímaskuldir | 141.438 | 27.696 | 32.071 | 28.285 | 23.069 |
| Eigið fé og skuldir | 343.742 | 330.822 | 344.021 | 212.259 | 188.324 |

## 13. Aðrar upplýsingar

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, var stofnaður árið 1997 með það að markmiði að auðvelda hreyfihömluðum að ferðast.

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Staða Hjálparliðasjóðs í byrjun árs | 4.271.212 | 3.914.456 |
| Innvextir | 10.085 | 71.310 |
| Styrkir | 0 | 301.134 |
| Fjármagnstekjuskattur | (2.219) | (15.688) |
| Staða handbærs fjár Hjálparliðasjóðs í lok árs | 4.279.078 | 4.271.212 |
| Skuld við landssambandið v. útgreiddra styrkja | 9.715.000 | (285.000) |
| Staða Hjálparliðasjóðs í árslok | 13.994.078 | 3.986.212 |